

Mánudagurinn 26. október 1998 kl. 10:00

116. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 39/1998

**Beiðni Eðalvara ehf. um endurupptöku ákvarðana  
samkeppnisráðs nr. 26/1998 og nr. 30/1998**

**I.**

**Erindið**

**1.**

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi frá Eðalvörum ehf., dags. 28. september 1998, þar sem óskað er eftir endurupptöku tveggja ákvarðana samkeppnisráðs. Önnur ákvörðunin er nr. 26/1998 þar sem Logaland ehf. kvartar yfir sam-  
burðarauglýsingu Eðalvara á hvítlauksafurðum. Hin er nr. 30/1998, en þar kvartar Logaland yfir upplýsingum í auglýsingabæklingi og á umbúðum Rauðs eðalginsengs frá Eðalvörum.

Í erindinu benda Eðalvörur á atriði í niðurstöðum auglýsinganefndar, ráðgjafanefndar samkeppnisráðs, og niðurstöðum samkeppnisráðs, sem fyrirtækið telur umdeilanlegar og nauðsynlegt að gera athugasemdir við. Þá geti athugasemdirnar leitt til endurupptöku málsins.

**2.**

Eðalvörur benda á eftirtalin atriði í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1998:

1. Eðalvörur eru ósammála þeirri skoðun auglýsinganefndar að vara geti talist hrein ef nauðsynlegt er að blanda í hana fylliefnum svo unnt sé að pakka henni í umbúðir.
2. Eðalvörur eru ósammála þeirri skoðun auglýsinganefndar að ósanngjarnt sé að þýða orðið extract sem seyði. Í erindinu er því haldið fram að auglýsinganefnd leggi til að orðið þykkni sé notað í staðinn, en sú þýðing er viðhöfð í auglýsingabæklingi Eðalvara á Rauðu eðalginsengi.

3. Þá segja Eðalvörur að ónákvæmni gæti hjá auglýsinganefnd þegar því sé haldið fram að Eðalvörur hafi ekki sýnt fram á að fylliefni séu í Kyolic og að fylliefnin í Kyolic sé verri kostur en hreinn hvítlaukur.
4. Samkeppnisráð ákvað að banna auglýsinguna þar sem hún birtist ítrekað meðan á málsmeðferð stóð, þrátt fyrir yfirlýsingu Eðalvara um að slíkt yrði ekki gert. Þessa ákvörðun telja Eðalvörur vera byggða á misskilningi þar sem í bréfi Samkeppnisstofnunar til Logalands, dags. 23. janúar sl., sem Eðalvörur fengu sent afrit af, hafi málinu verið vísað frá. Því hafi fyrirtækið birt auglýsinguna í Morgunblaðinu hinn 9. apríl sl. Hinn 1. júlí sl. hafi Eðalvörum verið tilkynnt um endurupptöku málsins og hafi auglýsingin ekki birst frá þeim tíma.

### 3.

Eðalvörur benda á að í niðurlagi ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 30/1998 sé þeim tilmælum beint til fyrirtækisins að innkalla nú þegar auglýsingabækling um Rautt eðalginseng.

Eðalvörur eru ósáttar við framangreind tilmæli samkeppnisráðs. Forsendur þess eru þær helstar að lyfjabækur um heim allan, þar með talin íslenska lyfjahandbókin fjalli um ginseng sem lyf eða náttúrulyf. Orðið náttúrulyf er almennt orð í íslensku og ekkert náttúrulyf hafi enn sem komið er verið skráð hér á landi. Þá hafi ekki verið óskað eftir gögnum frá Eðalvörum til þess að færa sönnur á að Rautt eðalginseng lækki kólesteról. Loks er fullyrt að Lyfjaeftirlit ríkisins hafi leyft að í áletrun á umbúðum ginsengvara segi að varan hafi kólesteróllækkandi áhrif.

## II.

### Niðurstöður

#### 1.

Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Skarphéðinn Þórisson og Ólafur Björnsson.

#### 2.

Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 26/1998 hljóðar svo:

*„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf. Sundaborg 1, Reykjavík að birta*

*auglýsingu á hvítlauksafurðum með fyrirsögninni „Er hvítlaukurinn þinn hreinn hvítlaukur?“ Þar sem hún inniheldur rangan, villandi og ófullnægjandi upplýsingar og er jafnframt ósanngjörn gagnvart neytendum og keppinautum.*

*Bannið tekur gildi við birtingu.*

*Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.“*

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1998 um bann við birtingu samanburðarauglýsingu Eðalvara, er m.a. byggð á eftirfarandi rökum:

1. Auglýsinganefnd telur vöru vera hreina þó svo að í hana sé blandað renniefnum til þess að hægt sé að pakka henni í umbúðir. Er hér einungis átt við viðurkennd renniefni í því magni sem nauðsynlegt er til pökkunar vörunni.
2. Í niðurstöðu auglýsinganefndar segir hvergi að nefndin mæli með því að orðið „extract“ sé þýtt með orðinu „þykkni“. Hins vegar er bent á að Eðalvörur þýði orðið „extract“ sem „þykkni“ á umbúðum vöru sem fyrirtækið flytur inn. Nefndin telur að orðið seyði gefi ranga mynd af Kyolic, þar sem um þurrduft er að ræða. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvaða þýðing á orðinu „extract“ henti best í þessu tilviki.
3. Óumdeilt er að í Kyolic eru fylliefni. Í auglýsingunni eru talin upp fylliefnin olíur, ger, mjólkursykur, spíri og salt. Að mati auglýsinganefndar gefur upptalningin í skyn að þar séu á ferðinni þau fylliefni sem Kyolic hefur að geyma. Af gögnum málsins er ljóst að framangreind fylliefni eru ekki öll í Kyolic. Að mati auglýsinganefndar er það brot á 21. gr. samkeppnislaga að gefa slíkt í skyn ef upptalningin á ekki við um vöruna.
4. Hinn 24. mars sl. sendi Samkeppnisstofnun Eðalvörum bréf þar sem skýrt kemur fram að mál þetta var til umfjöllunar hjá stofnuninni. Þrátt fyrir yfirlýsingu Eðalvara um að birta auglýsinguna ekki á meðan málið væri til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun, birtist auglýsingin í Morgunblaðinu hinn 9. apríl 1998.

### 3.

Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 30/1998 hljóðar svo:

*„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að dreifa auglýsingabæklingum „Rautt eðalginseng (þykkni)“ þar sem hann inni-*

*heldur rangar og villandi upplýsingar og er jafnframt ósanngjarnt gagnvart neytendum.*

*Jafnframt beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til Eðalvara að innkalla fyrrnefndan auglýsingabækling nú þegar.*“

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1998 er m.a. þeim tilmælum beint til Eðalvara ehf. að fyrirtækið innkalli auglýsingabækling um Rautt eðalginseng nú þegar. Ástæðurnar eru þær að í bæklingnum er Rautt eðalginseng kallað náttúrulyf og fullyrt að það lækki kólesteról og þannig gefið í skyn að það hafi lækningamátt. Hið rétta er að Rautt eðalginseng er hér á markaði sem náttúruvara eða fæðubótarefni og má því ekki auglýsa lækningamátt þess.

Í umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins um mál þetta kemur skýrt fram að Rautt eðalginseng er á markaðnum sem almenn vara (náttúruvara, fæðubótarefni). Af því leiðir að hún er undanþegin ákvæðum lyfjalaga nr. 93/1994 um lyf. Til þess að heimilt sé að kalla vöru náttúrulyf þarf skráningu hjá Lyfjaeftirliti ríkisins. Til að svo geti orðið þarf að leggja fram gögn sem sanna að varan hafi lækningamátt. Þau gögn hafa ekki verið lögð fram.

Þá var upplýst í samtali við starfsmann Lyfjaeftirlits ríkisins að vara sem samþykkt er af Lyfjaeftirliti ríkisins til sölu á íslenskum markaði sem almenn vara, megi hvorki kynna né auglýsa sem lyf, náttúrulyf eða að hún byggji yfir lækningarmætti. Sé það gert, eru forsendur brostnar fyrir vörunni á markaðnum þar sem leyfi til sölunnar er háð því að varan sé hvorki lyf né náttúrulyf og þar af leiðandi má ekki gefa til kynna að hún hafi lækningamátt. Taka þarf vöruna af markaðnum og sækja þarf um leyfi fyrir vöruna sbr. 4. gr. reglugerðar um náttúrulyf nr. 684/1997. Af þeim sökum eru ekki forsendur til þess að taka tillit til gagna sem lýsa vörunni með lækningarmætti eða sem lyfi.

Samkvæmt framansögðu telur samkeppnisráð að með því að kalla Rautt eðalginseng náttúrulyf sé neytendum veittar rangar og villandi upplýsingar, og er því brot á 21. gr. samkeppnislaga. Þá telur samkeppnisráð að fullyrðing um að ginseng hafi áhrif til lækkunar kólesteróls sé ósönnuð sbr. 21. gr. samkeppnislaga og sé því ósanngjörn gagnvart neytendum sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

Ekkert í gögnum málsins sýnir að Lyfjaeftirlitið hafi leyft áletranir á umbúðir ginsengvara um að varan hafi kólesteróllækkandi áhrif.

#### 4.

Í 24. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, er kveðið á um endurupptöku mála eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun. Í greininni segir m.a.:

*„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:*

- 1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða*
- 2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. “*

Samkeppnisráð telur ljóst af gögnum þessa máls að ákvarðanir ráðsins nr. 26/1998 og 30/1998 hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Málið verður því ekki tekið upp með vísan til 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð hefur kynnt sér rök Eðalvara ehf. og yfirfarið þau gögn sem Eðalvörur hafa lagt fram til stuðnings beiðni um endurupptöku á ákvörðunum nr. 26/1998 og nr. 30/1998.**

**Samkeppnisráð telur að ákvarðanir ráðsins nr. 26/1998 og nr. 30/1998 hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafi þær byggst á atvikum sem hafi breyst verulega frá því ákvarðanirnar voru teknar. Ljóst er því að skilyrði 24. gr. laga nr. 37/1993 um rétt til endurupptöku máls eru ekki uppfyllt og telur samkeppnisráð ekki ástæðu til endurupptöku eða afturköllunar ákvörðunarinnar.**

**Með vísan til framangreinds hafnar samkeppnisráð því beiðni Eðalvara ehf. um að ákvarðanir ráðsins nr. 26/1998 og nr. 30/1998 verði enduruppteknar.“**

